

6. Fundur verkefnisstjórnar Brothættra byggða 2

Mætt á fundinn:

Charlotta V Englund, Einar Ingi Einarsson, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Helga Harðardóttir, Hildur Halldórsdóttir, Kristján Þ. Halldórsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Olga Friðriksdóttir, Ólafur Gísli Agnarsson og Thomas Helmig.

Fundur settur kl. 12:35

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Fara yfir auglýsingarefni
2. Samþykkja undirbúningsnefndir
3. Tímalína verkefnis ákveðin
4. Önnur mál

1. Fara yfir auglýsingarefni

Nýtt auglýsingarefni og fjóluþlútt lógó fyrir verkefnið var yfirfarið og samþykkt.

2. Samþykkja undirbúningsnefndir

Rætt var um undirbúningshópana sem koma til með að fara yfir umsóknir og þeir samþykktir.

3. Tímalína verkefnis ákveðin

Farið var yfir tímalínuna fyrir verkefnið, hvenær fundir eru áætlaðir og slíkt.

Rætt var um hvort hafa eigi súpufund eða rafrænan fund og var stjórnin sammála um að hafa súpufund.

Í kjölfarið voru ræddar dagsetningar fyrir þessa fundi.

Ákveðið var að hafa fund í Lundi þann 26. janúar og í Hnitbjörgum á Raufarhöfn þann 27. janúar, kl. 18:00.

Frekari tímasetningar voru samþykktar í kjölfarið.

Ákveðið var að hafa umsóknarfrestinn til 16 febrúar kl. 13:00.

Tímasetning fyrir fundi undirbúningsnefnda voru ákveðnar.

Úthlutunarhátíðin væri 25. mars og haldin á Raufarhöfn. Staðsetning verður ákveðin síðar.

Rætt um að gaman væri að tengja þetta við einhvern viðburð, líkt og gert var með Sólstöðuhátíð í fyrra. Bent á að þetta sé nálægt páskum þannig að það væri tími fyrir súkkulaði.

4. Önnur mál

Farið var yfir stöðu á verkefnum sem eru í gangi.

Finnist fólki eitthvað ábótavant í lógóum er bent á að hafa samband við verkefnisstjóra (Einar Inga eða Nönnu).

Fleira ekki gert og fundi slitið 13:00

Fundargerð ritaði Einar Ingi